

Ársáætlun leikskólans Efstahjalla

Umsögn foreldraráðs

Inngangur

Þetta skjal inniheldur umsögn foreldraráðs við Leikskólann Efstahjalla. Í foreldraráði fyrir skólaárið 2024-2025 sitja Egill Vignisson, Herdís Guðrún Kjartansdóttir og Rannveig Ólafsdóttir. Hlutverk ráðsins er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

Umsögn

Ársáætlunin er unnin út frá markmiðum og umbótamiðuðu innra mati með hliðsjón af aðalnámskrá og skólanámskrá Kópavogs. Umsögninni er skipt upp í málefni tileinkuð börnunum annars vegar og svo málefni sem tengjast starfsmönnum og leikskólans sem starfsstaðar hins vegar.

Málefni barnanna og gildi leikskólans Efstahjalla

Ársáætlunin um málefni barnanna er metnaðarfull og leggur áherslu á markvissa innleiðingu stefnumiðaðra þátta/gilda leikskólans, fjölmenningu, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sköpun, með málörvun sem rauðan þráð í gegnum allt starfið. Lögð er áhersla á vellíðan barna með því að tryggja stöðugleika í deildum, stuðla að tengslamyndun og veita félagslegan stuðning. Leikurinn er nýttur sem helsta námsleið barnanna til að efla alhliða þroska, styrkja tilfinningastjórn og auka færni í samskiptum.

Ársáætlunin lýsir markmiðum leikskólans á skýran hátt og sýnir hvernig þau eru notuð til að skapa örvandi og styðjandi námsumhverfi. Áherslur á leik, málörvun, fjölmenningu og sköpun miða að því að efla nám og menntun barna á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Þá hafa deildarstjórar frelsi innan ákveðins ramma að vinna áfram með gildi leikskólans og efla þannig starfið til muna. Bæði hefur þetta jákvæð áhrif á börnin en einnig starfsfólkið að mati foreldraráðs. Einnig hefur verið bætt við flæði og samvinnu á milli deildanna sem virðist hafa jákvæð áhrif á börnin, en þá hafa þau einnig meira frelsi til að velja sér leiki og leikfélaga. Það fylgja því þó alltaf áskoranir, bæði fyrir starfsmenn og börn, en við í foreldraráði teljum að stjórnendur leikskólans séu meðvitaðir um það og vinni með það áfram.

Starfsemin er fléttuð saman við áherslupættina með því að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til náms í gegnum leik. Þessi nálgun tryggir að börnin fái sem bestan undirbúning og tækifæri til að læra á eigin forsendum og styrkja hæfni sína. Það sama gildir um málörvun, en með því að leiða saman ólíka aldurshópa líkt og nýrri deildarskiptingu er háttað, hjálpar það börnum af erlendum uppruna í tengslamyndun og málörvun. Þannig hafa þau börn betra tækifæri á að velja sér félag og eiga e.t.v. auðveldara með að eiga samskipti við önnur börn. Einnig virðist breytingin hafa jákvæð áhrif á starfsmenn og starfsumhverfið. Einnig virðast deildarstjórar og starfsmenn halda vel uppi rauða þráðinum í gegnum leikskólastarfið, þ.e. málörvuninni. Bæði með markvissu starfi, t.d. Lubba, og síðan í gegnum leik.

Innra og ytra mat og umbótaáætlun

Innra mat leikskólans er umbótamiðað og felur í sér sjálfsmat, skimanir og viðhorfskannanir. Markmið matsins er að tryggja gæði og réttindi barna. Foreldraráð telur að það hafi verið rétt af stjórnendum leikskólans að bregðast við athugasemdum starfsmanna varðandi deildarskiptingu og taka upp breytta deildarskiptingu og betri starfshætti á nýju skólaárið 2024-2025. Það er ljóst að stjórnendameið vinnur vel og markvisst saman að því að bæta starf leikskólans.

Verkefnastjóri málörvunar heldur utan um málörvunarteymi sem styður málþroska barna, sem er mikilvægur þáttur í náms- og leikumhverfi þeirra. Það mætti gera betur grein fyrir áætlunum tengdum málörvun í daglegu starfi og auknu vægi leiks í umbótaáætluninni sem finna má í fylgiskjali 1. Einnig mætti taka betur á því hvernig vinna á áfram með gildi leikskólans í umbótaáætlun, þ.á.m. hvernig innleiða á Réttindaskóla Sameinuðu þjóðanna. Það mætti vera skýrt hvernig ferlinu er háttað og hvernig tímaramminn er. Síðan í framhaldinu upplýsa foreldra og forráðamenn um hvernig ferlinu miðar áfram.

Málefni foreldra og foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er virk og leikskólinn tryggir reglulegar upplýsingar til foreldra í gegnum viðburði, fundi og samskipti við foreldraráð og foreldrafélag. Upplýsingagjöf fer þó að mínu mati að langmestu leyti í gegnum appið Vala, sem gerir foreldrum kleift að fylgjast með daglegu starfi leikskólans. Hins vegar gæti ársáætlunin farið dýpra í þessa þætti, þar sem takmarkaðar upplýsingar um þetta koma fram í skjalinu. Upplýsingar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu leikskólans, sem eykur gagnsæi. Þá fara jafnframt fram foreldraviðtöl til að upplýsa foreldra um starfið og líðan barna í starfinu.

Það er mat foreldraráðs að upplýsingagjöf og samstarf við foreldra hefur bæst til muna á síðastliðnu ári. Það er mikilvægt að foreldrar séu sem best upplýstir um leikskólastarfið og geti þannig stutt börnin sín í starfinu. Einnig er það mat foreldra að aukin áhersla leikskólans á daga og viðburði þar sem foreldrum eða öðrum fjölskyldumeðlimum er boðið að taka þátt styrki bæði börn og foreldra í starfinu.

Málefni starfsmanna og leikskólans sem starfsstaðar

Ársáætlunin sýnir metnað með áherslu á umbótamiðað innra mat, stefnumótandi breytingar og þróun í starfi skólans. Skjalið veitir upplýsingar um starfsmannahópinn, fjölda og menntun starfsmanna sem og skipulag starfsmannapróunar með símenntun og námskeiðum. Unnið er að bættri starfsánægju með innleiðingu umbótaáætlunar sem snertir á viðfangsefnum á borð við ímynd leikskólans út á við, vinnuálag starfsmanna, faglegri og persónulegri þróun í starfi og samstarfsandi. Leikskólinn vinnur að því með stöðugu innra og ytra mati og umbótum, þar sem niðurstöður úr könnunum og umræðum eru nýttar til að bæta starfshætti. Að mati foreldraráðs er starfsandi mun betri á þessu skólaári en því síðasta sem skilar sér beint í starfið og til barnanna. Íhuga má hvernig hægt er að halda góðum starfsanda og starfsánægju yfir allt skólaárið en líkt og fram kemur í starfsáætlun var námsferðin til Alicante vel heppnuð og mætti fara í minni ferðir yfir árið ef möguleiki er á eða fara aðrar leiðir til að efla starfsandann og þetta hópinn. Vonandi myndi það jafnframt styðja við minni starfsmannaveltu og tryggja betri hollustu og tryggð starfsmanna. Um þessi atriði er vel fjallað í ytra mati leikskólans, en þar eru greindir þeir þættir sem mætti horfa til og bæta.

Lokaorð

Í heildina telur foreldraráð að ársáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er. Það eru þó einhverjar athugasemdir tengdar skorti á upplýsingum um hvernig umbótaáætlunin á að takast á við viðfangsefni tengdum málörvun í daglegu starfi og auknu vægi leiks. Jafnframt hvernig vinna á áfram með gildi leikskólans, þó það komi að vissu leyti fram í starfsáætlun skólans. Það er að mati foreldraráðs framsækið og metnaðarfullt starf sem fer fram meðal stjórnenda og starfsmanna leikskólans Efstahjalla. Augljóst er að vilji er til að gera betur og bæta starfið, bæði fyrir börnin og starfsmennina.

Kópavogur, 14. nóvember 2024

Egill Vignisson

Herdís Guðrún Kjartansdóttir

Rannveig Ólafsdóttir